

6. gr.

Menn 67 ára og eldri eiga rétt á tryggingu í sjúkrasamlagi með sömu skilyrðum og aðrir og njóta sömu réttinda og aðrir. Gamalmenni njóta ekki á kostnað sjúkrasamlags hælís- eða sjúkrahússvistar vegna ellikramar.

13

20. jan.

7. gr.

Börn samlagsmanna yngri en 16 ára, njóta sömu réttinda og aðrir, hvað snertir sjúkrahússvist og læknishjálp, enda háð sömu skilyrðum.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt 23. gr. laga nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar. Öðlast hún gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. janúar 1938.

Haraldur Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.

AUGLÝSING

14

27. jan.

um staðfestingu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á samþykkt um viðauka við lögreglusamþykkt fyrir Siglufjarðarkaupstað nr. 82 24. sept. 1929.

Samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, er hér með staðfest eftirrituð

SAMÞYKKT

um viðauka við lögreglusamþykkt Siglufjarðarkaupstaðar.

1. gr.

Öll veitingahús og veitinga- eða greiðasölustofur skulu fullnægja ákvörðun heilbrigðisnefndar um hreinlæti og aðbúnað og reglum bæjarstjórnar um húsnæði. Ef út af bregður getur lögreglustjóri lokað veitingahúsi eða veitinga- eða greiðasölustofu.

2. gr.

Heimilt er bæjarstjórn að heimta þann umbúnað og frágang dýra og hurða samkomu- og veitingahúsa, sem hún telur henta

3. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 27. janúar 1938.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.